

Þúsund stjörnur glampa

A. Frostenson (1960), ísl. þýðing Guðm. Guðmundsson

T. Sörensson, 1958

♩ = 70

Þús - und stjörn - ur glamp - a, Guð gaf öll - um nafn.

Öll - u hönd Guðs stýr - ir, stórt er himn - a safn.

Þúsund stjörnur glampa,
Guð gaf öllum nafn.
Öllu hönd Guðs stýrir,
stórt er himna safn.

Hafsins djúp Guð skoðar,
sér í jörð fjársjóð,
hugsun okkar þekkir
þótt við séum hljóð.

Þúsund grös í blóma
bylgjast undan átt,
móti sólu vaxa
við Guðs andardrátt.

Drottinn nafn þitt þekkti,
þegar ekkert var,
skírnar nafn þitt muna
má til eilíðar.

Þúsund fuglar syngja
sumarkvöldin löng.
Guð hlustar á alla
í þeim mikla söng.

Þökk minn Guð og faðir
fyrir ást og traust,
bjarta framtíð sé þig
skapa endalaust.